

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. nóvember 2022

Mál nr. S-3935/2022:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Nazari Hafizullah

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. október 2022, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 9. september 2022, á hendur Nazari Hafizullah, kennitala [...] „fyrir eftirtalin brot framin föstudaginn 17. júní 2022:

- Tilraun til manndráps, með því að hafa komið aftan að A, [...], sem sat niður við jörðina, fyrir utan hús númer [...], og fyrirvaralaust slegið hann ítrekað með klaufhamri og jarðhaka, í höfuð og búk, með þeim afleiðingum að hann þríhöfuðkúpubrotnaði, nánar tiltekið innkýlt brot vinstra megin, aftarlega, á hvirfilbeini, sem myndaði ávala 14*8 mm dæld, nær ótilfært brot hægra megin í hnakkasaum, á mörkum hvirfils- og hnakkabeins, þar sem flísaðist úr innanverðri höfuðkúpunni og nær ótilfært brot í hvirfilbeini hægra megin, sem teygði sig niður í skeljarsaum og áfram þar niður á gagnaugasvæði, þá hlaut hann eymsl hægra megin neðantil á brjóstakassa og þar mar og bólgu, ótilfært brot hægra megin á rifbeinum 11 og 12, mar á hægri framhandlegg og hægri hendi og mar og bólgu á hægri ökkla.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- Tilraun til manndráps, en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa í ofangreint sinn komið aftan að B, [...], og fyrirvaralaust slegið hann með klaufhamri í höfuð, nánar tiltekið aftan á hvirfilinn rétt við hálsinn, þannig að hann hlaut skurð aftan við vinstra eyra.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miska- og skaðabætur að fjárhæð kr. 5.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 17. júní 2022 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum virðisaukaskatti.

Af hálfu B, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miska- og skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 17. júní 2022 en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum virðisaukaskatti.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu en til vara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

Málsatvik

Föstudaginn [...] barst lögreglu boð frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um að árás væri yfirstandandi að [...]. Frekari upplýsingar bárust um að ráðist hefði verið á mann, hann sleginn með haka og að mikið blæddi úr hnakka hans og við eyra. Skömmu síðar var tilkynnt að búíð væri að yfirbuga árásarmanninn.

Þegar lögregla kom á vettvang mátti sjá þrjá menn halda þeim fjórða á jörðinni á gangstétt vestan megin [...]. Hendur hins meinta árásarmanns, sem í ljós kom að var ákærði, voru bundnar og sat einn mannanna klofvega yfir honum á meðan hinir héldu fótum hans. Var sá brotþoli B sem var blóðugur aftan á höfði og á hægri fingri. Ákærði sýndi engan mótþróa og var færður í lögreglubifreið. Haft er eftir honum að samstarfsmenn hans hafi reynt að drepa hann með gröfu og ætti að handtaka þá líka. Þá mátti sjá mann sitja á gangstétt framan við bílskúr að [...] og segir í skýrslu lögreglu

að sá hafi verið blóðugur á höfði og augljóslega illa slasaður. Reyndist það vera brotþoli A. Voru brotþolar fluttir á slysadeild í kjölfarið. Þá fór fram rannsókn á vettvangi og ljósmyndir teknar. Mátti sjá blóð á götunni og lágu þar haki og hamar. Í ítarlegri skýrslu tæknideildar er ummerkjum frekar lýst og segir að sjá hafi mátt talsvert blóð við bifreið sem talið var að A hefði verið staðsettur við er árásin var gerð. Þá var blóðdropaslóð umhverfis bifreiðina á malbiki og gangstétt. Rannsóknin leiddi í ljós að blettir fundust á hamri og haka sem gáfu jákvæða svörun sem blóð.

Rætt var við vitni á vettvangi og kom m.a. fram hjá þeim að ákærði hefði beitt klaufhamri og haka við líkamsárás gagnvart A.

Ákærði var færður á lögreglustöð þar sem rætt var við hann eftir að honum hafði verið kynnt réttarstaða sakbornings. Greindi hann svo frá að tveimur dögum fyrir atvikið hefði brotþoli A verið að vinna við gröfu og ákærði staðið undir henni og næstum orðið undir skóflunni. Hann hefði spurt hann hvað honum hefði gengið til en ekki fengið frekari skýringar. Kvaðst ákærði þá hafa ráðist á A og slegið hann með hamri þrisvar sinnum.

Samkvæmt læknisvottorði, dags. 17. júní sl., reyndist brotþoli A vera með þrjá skurði á höfði og höfuðkúpubrot undir hverjum þeirra og var eitt þeirra innkýlt. Þá var hann greindur með rifbrot. Áverkarnir voru ekki taldir lífshættulegir en árásin mjög alvarleg. Rætt var við brotþola á slysadeild og lýstu þeir atvikum umrætt sinn eins og þau horfðu við þeim. Var A lítt viðræðuhæfur vegna ástands síns en hann lýsti fyrirvaralausri árás og höggum í höfuð og síðu. B lýsti því að hann hafi reynt að grípa inn í atburðarásina en þá hefði ákærði ráðist á hann með hamri og skömmu síðar verið kominn með haka í hendi og þá ráðist aftur á A. Þá lýsti hann atviki sem átti hafði sér stað tveimur dögum fyrr þar sem ákærði taldi ranglega að hann hefði hvatt A til þess að drepa ákærða með skóflu á gröfu.

Meðal gagna eru upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna og sjást aðstæður allar á vettvangi. Þá er á búkmyndavél að finna samtal við ákærða í lögreglubifreið fyrst eftir handtöku og á lögreglustöð.

Ákærði var yfirheyrður þennan sama dag og játaði hann þá að hafa slegið brotþola með hamri, A tvisvar eða þrisvar sinnum og B einu sinni. Hafi hann gert það til þess að hefna fyrir atvik sem átti sér stað tveimur dögum fyrr. Taldi hann þá, ásamt öðrum samstarfsmanni, hafa ætlað að drepa sig með skóflu á gröfu en hann hefði náð að bægja höfði sínu frá skóflunni. Lýsti hann því hvernig hann hefði sótt hamar og slegið A með honum. Vitnið C hefði þá komið og slegið hann með skóflu en hann hlaupið hring um húsið og tekið upp haka til þess að verja sig. Kvaðst hann ekki hafa notað hakann sem barefli.

Réttarlæknisfræðileg skoðun ákærða fór fram sama dag. Fram kemur að hann sé [...]. Hann var samvinnuþýður við skoðunina og enginn grunur um alvarlega geðsjúkdóma. Hann virtist ekki vera undir áhrifum eða í fráhvörfum. Fjórir litlir og vægir áverkar voru á hálsi, brjóstkassa hægra megin, á höfði og á úlnlið. Nánari grein er gerð fyrir áverkunum í sérstöku vottorði og kemur þar fram að þeir teldust minniháttar, hvergi mar eða mikill þroti. Haft er eftir ákærða að öll áverkamerki séu frá verknaðardegi. Tekið er fram að ekkert þeirra líkist því sem búast mætti við eftir þungt högg með skóflu í höfuðið, ekkert mar, engin kúla, ekki rofin húð og ummál undir 1 cm.

Undir rannsókn málsins var D geðlæknir dómkvaddur matsmaður til að framkvæma geðrannsókn á ákærða svo unnt væri að leggja mat á það hvort 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ættu við. Niðurstaða hans var sú að ákærði væri hvorki haldinn geðsjúkdómi né öðrum kvilla sem hefði áhrif á andlegt ástand hans.

Þá liggur fyrir læknisvottorð E, heila- og taugaskurðlæknis, dags. [...], vegna brotaþola A. Staðfest er að við skoðun á bráðamóttöku hafi hann verið með þrjá blæðandi djúpa skurði á höfði en lengd þeirra var gróflega metin um 4 cm. Einn var hægra megin aftarlega, annar vinstra megin aftarlega og sá þriðji hægra megin við gagnaugasvæði. Hann var aumur við þreifingu hægra megin neðan til á brjóstkassa og á því svæði var grunnt sár og mar.

Tölvusneiðmyndir sýndu brot á höfuðkúpu á þremur stöðum samsvarandi við skurði á höfði. Eitt brot var innkýlt vinstra megin í hvirfilbeini aftarlega sem myndaði ávala dæld sem mældist 14x8 mm. Hin brotin voru nær ótilfærð, annað í hnakkanum á mörkum hvirfils og hnakka þar sem flísast hafði úr innanverðri höfuðkúpunni og hitt í hvirfilbeini hægra megin sem teygði sig niður í skeljarsaum og áfram þar niður á gagnaugasvæði. Tölvusneiðmyndir af brjóstholi sýndu grun um ótilfært brot á rifjum 11 og 12 hægra megin. Þá var brotaþoli með vægan verk í hægri ökkla og mar á hægri framhandlegg og hægri hendi. Áverkarnir voru taldir alvarlegir en ekki lífshættulegir en litlu hefði mátt muna þar sem bareflið braut höfuðkúpuna á þremur stöðum og á tveimur af þeim voru brotin innkýld. Hefðu höggin verið örlítið kröftugri eða hitt brotaþola á stað þar sem höfuðkúpubeinið væri þynnra væri skaðinn mun meiri og hann hefði að öllum líkindum fengið áverka á heilavef. Einkenni áverkanna voru fyrst og fremst tengd heilahristingi. Höfuðverkur, þreyta, svimi, einbeitingarskerðing og ógleði gengju oftast yfir á einhverjum vikum eða mánuðum og sjaldgæft að þau einkenni væru varanleg. Þá væri brotaþoli með áfallastreituröskun eftir árásina og í meðferð hjá áfallamiðstöð.

Í tengslum við rannsóknina var óskað eftir réttarlæknisfræðilegu mati á áverkum brotþola A, dags. [...], með sérstakri áherslu á tilurð þeirra og líklegum áhöldum sem beitt hefði verið. Niðurstaða læknisins var sú að allir áverkarnir á höfði gætu hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi steyps eða höggs gegnt mótuðu hörðu yfirborði með takmarkað ákomuyfirborð. Sárið á brjóstakassa yrði ekki skilgreint nánar vegna misræmis í sjúkraskrá.

Í læknisvottorði F, dags. [...], vegna brotþola B segir að við komu 17. júní sl. hafi B kvartað undan verk í höfði og verkjum í hægri fingri. Á höfðinu hafi verið skurður ofarlega hliðlægt vinstra megin um 3 cm sporöskjulaga. Skurðbarmar hafi legið alveg saman og það hafi verið hætt að blæða. Brotáverkar sáust ekki og var brotþoli greindur með yfirborðsáverka á höfði og mar á öðrum hlutum úlnliðs og handar. Áverkarnir voru taldir gróa á 10–15 dögum.

II.

Skýrslutökur fyrir dómi

Ákærði gekkst við því fyrir dómi að hafa slegið brotþola A þrisvar sinnum með hamri þar sem hann sat og var að vinna við bíldekk framan við [...]. Lýsti hann því svo að hann hefði haldið utan um hamarshausinn og beitt honum á hlið í höfuðið. Eftir það hefði hann gengið til brotþola B sem hafði verið að vinna við jarðvegsþjöppu framan við bílskúr hússins og lamið hann með hamrinum. B hefði þá elt hann og tekið af honum hamarinn. Þá hefði B tekið upp skóflu en ákærði hlaupið hring um húsið og tekið upp haka til sér til varnar. Þá hafi C verið með skóflu. Kvaðst ákærði ekki hafa beitt hakanum heldur aðeins haldið á honum. Hefði hann fljótlega eftir þetta verið yfirbugaður af B. Nánar spurður kvaðst hann ekki hafa lamið A með öllu afli og ekki muna hvort hann hefði lamið B fast en þó lausar en A.

Ákærði kvað ekki hafa ætlað sér að drepa brotþola heldur aðeins að meiða þá. Ástæðu þess kvað hann vera þá að þeir hefðu ætlað að drepa hann tveimur dögum fyrr með því að láta skóflu vinnuvélar eða jarðvegsgröfu síga í höfuðið á honum. Hann hafi þá verið að vinna beint fyrir neðan gröfuna. B hefði kennt samstarfsmanni hans, C, á tækið. A hefði síðan rætt eitthvað við C sem hafi þá stýrt gröfunni þannig að hún fór í höfuð ákærða. Kvaðst hann hafa meitt sig og fengið kúlu. Ákærði taldi B hafa lagt blessun sína yfir þetta og þannig átt þátt í því sem gerðist því að hann hefði gert lítið úr því þegar ákærði hefði sagt honum frá því sem gerðist. Hefði ákærði því viljað hefna fyrir það sem gerðist. Eftir atvikið hafi hann verið hræddur og því ekki komið til vinnu í heilan dag. Honum hefði ekki verið svefnsamt og aðeins sofið í þrjá tíma um nóttina. Ákærði kvaðst síðan hafa ætlað að ræða atvikið við þá en þeir hlegið að honum. Hefði hann þá reiðst, sótt hamar í bifreiðina og slegið A og síðan B.

Ákærði kvaðst hafa fengið vinnu hjá B vegna kunningsskapar við systur hans. Þegar þetta gerðist hefði hann aðeins verið búinn að vinna þarna í nokkra daga. Samskipti hans við brotapolu og aðra hefðu farið fram á ensku og gengið vandræðalaust fram til þessa. Ákærði kvaðst ekki vera ofbeldismaður og sagðist sjá eftir atvikinu.

Brotapoli A kvaðst hafa verið að vinna við dekk bifreiðar ásamt samstarfsmanni sínum, C. Ákærði hefði komið og hann hefði heyrt einhvern segja „Allahu Akbar“ eða „Guð er góður“. Kvaðst hann ekki muna eftir sér fyrr en hann rankaði við sér á sjúkrahúsinu og síðar fengið að heyra hvað gerðist. Brotapoli lýsti afleiðingum atviksins fyrir sig og sýndi áverkana. Hann kvaðst hafa glímt við minnistap og að andleg heilsa hans væri mjög slæm. Hann kvaðst ekki hafa þekkt ákærða fyrir. Kannaðist hann ekki við atvik tengt gröfu sem brotapoli vísaði til eða samtals um atvikið þennan dag.

Brotapoli B kvaðst hafa átt von á ákærða til vinnu þennan dag en hann hefði ekki mætt. Hann hefði náð í hann í síma og síðan farið og sótt hann. Þegar komið hefði verið á verkstað hefði vitnið farið að vinna við jarðvegsþjöppu en A og C unnið að því að taka nagla úr dekkjum bifreiðar sem stóð við gangstéttarkantinn. Ákærði hefði verið beðinn um að laga mót. Allir voru fyrir framan [...]. Skömmu eftir að hann fór að vinna hefði hann heyrt öskur og hugðist kanna hvað væri að gerast. Þá hafði ákærði verið með hamarinn og lamið brotapolu. Hann hafi verið með hamarinn reistan og haldið um skaftið. Höggið hefði lent vinstra megin á höfði hans því að hann hefði snúið því frá. Brotapoli kvaðst hafa gripið um hamarshausinn og tekist að ná hamrinum af ákærða áður en hann gat ráðist á hann aftur. Þá hefði hann séð A blóðugan. Ákærði hefði hlaupið eitthvað í burtu. Það næsta sem brotapoli hefði séð var er ákærði var kominn með hakann og fór rakleiðis til A sem sat á gangstéttinni. Hann hafi haldið með báðum höndum um hakann og lamið A með honum í hægri síðuna. Kvaðst hann ekki geta lýst högginu frekar. Þá hefði ákærði ætlað á ráðast á sig en hann hefði náð af honum hakanum og við það hlotið áverka á hendi, auk þess sem úlpan hans hefði rifnað. Hefði hann yfirbugað ákærða og fengið aðstoð C til þess. Aðspurður taldi brotapoli að hakinn hefði verið blóðugur en hann hefði sjálfur verið með blóðugar hendur þegar hann snerti hann.

Spurður um atvik [...] kvað brotapoli ákærða hafa sent honum skilaboð þann sama dag og lagt til að A og C yrðu látnir fara, þeir væru ekki góðir starfsmenn. Annað hefði hann ekki sagt. Eftir að hann yfirbugaði ákærða á verknaðardegi hefði ákærði sagt að A hefði reynt að drepa sig og að hann liti svo á að brotapoli hefði hvatt hann til þess. Taldi brotapoli líklegt að aðeins hefði verið um fíflangang að ræða. Vitnið kvaðst aðspurður kannast við að hafa kennt C að nota gröfuna umræddan dag. Um væri að ræða litla jarðvegsgröfu með skúffu til að moka með og væri skúffan hægfare.

Aðspurður kvað brotapolí ákærða aðeins hafa starfað hjá honum í tvo daga, ekki mætt þann þriðja og á fjórða degi hefði atvikið átt sér stað. Samskipti hans við aðra starfsmenn hafi verið góð.

C kvaðst hafa verið að draga nagla úr dekkjum bifreiðar með *A*. Hafi hann verið aftan við bifreiðina. Ákærði hafi komið og heilsað þeim en síðan farið. Allt í einu hafi hann komið og ráðist á *A*. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvað gerðist fyrst en hann hafi séð þegar ákærði lamdi *A* einu sinni með hamri. Hann hafi séð hamarinn lenda í höfði *A*. *A* hafi verið á götunni en ákærði hafi lyft hamrinum og lamið niður á við í átt að höfðinu. Kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hve fast höggið hefði verið en taldi augljóst að það hefði verið fast. Vitnið kvaðst hafa bakkað og séð ákærða hlaupa í átt að *B*. Vitnið hefði kallað til hans en kvaðst ekki vita hvort hann hefði heyrt það. Hann hafi ekki séð þegar ákærði lamdi *B*. Eftir það hefðu þeir haldið að ákærði hefði hlaupið í burtu en hann hefði birst aftur hinum megin við húsið og komið beint til *A* með stórt áhald. Kvaðst vitnið hafa tekið skóflu en ekki tekist að koma í veg fyrir að ákærði lemdi *A* í síðuna með hakanum. *B* hefði þá komið og náð tókum á hakanum. Nánar spurður kvaðst vitnið hafa reynt að reka skófluna á milli. Hann hafi síðan aðstoðað við að yfirbuga ákærða og sótt band til binda hann. Taldi hann mögulegt að ákærði hefði fengið einhverja áverka þegar hann streittist á móti. Hann kvaðst ekki hafa beitt skóflunni gegn ákærða en allt hefði gerst hratt og verið yfirþyrmandi. Hann kvað þá *B* ekki hafa hlaupið á eftir ákærða heldur einbeitt sér að *A* sem var sár. Spurður um hvort hann kannaðist við atvik tveimur dögum fyrir kvaðst hann ekki muna eftir neinu slíku.

G kvaðst hafa verið að vinna innandyra að [...]. Hinir mennirnir hafi verið að vinna utandyra. Hann hefði síðan þurft að fara út til að sækja dót í bílinn sinn. Kvaðst hann muna eftir að hafa heyrt í jarðvegspjöppunni. Hann hefði séð *B* blóðugan bak við hægra eyra og bað hann vitnið að hringja á lögregluna. Hann hafi síðan séð menn sem virtust vera í áflogum. Vitnið kvaðst ekki hafa áttað sig á því hvað væri í gangi. Hann hafi síðan séð mennina hlaupa vestur fyrir húsið og virtust þeir reyna að stöðva áráðarmanninn. Þegar hann hafi farið nær götunni hafi hann séð *A* liggja á gangstéttinni. Hann hafi síðan séð mennina koma frá húsinu og séð mann með haka sem hann hafi reitt til höggis. Áráðarmaðurinn hafi síðan lyft hakanum á loft yfir höfuðið á sér og verið „geðsjúkur“ í framan. Taldi hann hakann hafa lent í höfði brotapóla en mögulega komið þar flatur. Miðað við líkamshreyfingar mannsins hefði hann lamið af öllu afli. Kvaðst vitnið hafa orðið mjög hræddur við þetta og farið inn í hús og hringt á neyðarlínuna. Hann hafi farið út einhverju síðar og séð þegar búið var að yfirbuga mann og binda hann. *A* hafi legið á stéttinni og umlað.

H kvaðst hafa verið að hlaupa inn götuna með tónlist í eyrunum og tekið eftir manni sem lá við hlið bíls. Hún hefði hlaupið í áttina á honum og séð þegar hann

settist á gangstéttarkant og haldið um höfuðið. Kvaðst hún hafa séð blóð þegar hún nálgast og orðið vör við einhver læti en hún hefði einbeitt sér að þeim slasaða. Hún hefði séð aðila taka upp eitthvert áhald með stöng. Hafi sá gert sig líklegan til að ráðast á manninn sem var á gangstéttinni. Þá hafi hún tekið heyrnartækin úr eyrunum og heyrt læti og áttað sig á því að eitthvað væri óeðlilegt, snúið við og hlaupið í hús og beðið um að hringt yrði á lögregluna. Beðin um að lýsa árásmanninum kvaðst hún eiga erfitt með það en hún myndi aðeins eftir því að hann hefði gert hana óttaslegna og að svipurinn á honum hefði verið agressívur. Hún kvaðst hafa séð fleiri menn á staðnum en kvaðst ekki geta sagt til um hvað þeir voru að gera en þeir hafi verið vinstra megin við húsið eitthvað að „vesenast“.

E lækni gerði grein fyrir læknisvottorði varðandi brotþola A, m.a. ástandi hans við komu á slysadeild, áverkum og þeim aðgerðum sem gripið var til í kjölfarið. Vitnið kvað brotþola hafa verið heppinn miðað við það sem átti sér stað en áverkar hefðu verið takmarkaðir miðað við högg sem þessi, þ.e. enginn annar sjáanlegur skaði eða heilablæðingar. Aðspurður kvað vitnið það hafa þýðingu hvar höggið lenti, þ.e. mótstaða höfuðkúpunnar væri mismikil. Þó þurfi alltaf talsvert högg til að brjóta höfuðkúpu eins og gerðist í þessu tilviki og þekkt væru tilvik þar sem högg með hamri í höfuð hefði leitt til dauða. Vitnið kvaðst aðspurður ekki geta sagt til um hvers konar vopni hefði verið beitt en þó væri sá áverki sem væri mest innkýldur eftir mjótt vopn. Höggvopnið hefði ekki lent eins í höfðinu enda væru áverkarnir mismunandi og brotnað hefði innan úr á einum stað sem benti til þess að það væri með litlum fleti. Áverkar brotþola, þ.e. brotin sjálf, væru ekki lífshættulegir en erfitt að segja til um hvernig brotþoli kæmi til með að jafna sig. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað aðra yfirborðsáverka en þá sem væru tilgreindir í sjúkraskrá. Þau einkenni sem brotþoli hefði verið greindur með gengju yfir á einhverjum mánuðum. Þá hefði brotþoli verið[...].

I sálfræðingur gerði grein fyrir meðferð á brotþola A. Kvað hún hann hafa glímt við mikla minniserfiðleika eftir árásina og að áfallastreitueinkenni hans hefðu verið nokkuð há. Hann hefði greint frá fyrri áföllum. Ekki hafi verið gerð sérstök mismunagreining en lagt var mat á einkenni áfallastreitu út frá þessu tiltekna áfalli, þ.e. árásinni.

J réttarmeinafræðingur gerði grein fyrir helstu niðurstöðum matsgerðar sinnar. Beiðnin sem beint var til hans laut að því að skoða áverka brotþola með sérstakri áherslu á tilurð þeirra og líklegum áhöldum sem beitt hefði verið. Vitnið kvaðst ekki hafa haft ljósmyndir til að styðjast við heldur aðeins þau gögn sem gerð er grein fyrir í matsgerðinni. Þetta gerði niðurstöðurnar ónákvæmar að því leyti að hann gæti ekki útilokað tiltekin verkfæri. Kvaðst vitnið til að mynda ekki geta sagt til um hvort áverkarnir væru allir eftir sama áhaldið eða hvort fleiri áhöld hefðu verið notuð.

Aðspurður kvað hann alla áverka á höfði geta verið eftir högg með hefðbundnum hamri. Það brot sem væri lengst til vinstri væri sértækast og líklega komið til með hörðu áhaldi, sem gæti verið hamar eða haki. Vitnið kvað mikinn kraft þurfa að koma til til að valda áverkum sem þessum og markvisst högg. Kæmi þó stundum á óvart hversu lítinn kraft dygði.

K læknir gerði grein fyrir réttarlæknisfræðilegri skoðun sinni á ákærða og helstu niðurstöðum í vottorði sínu. Hann kvað ákærða hafa kvartað undir eymslum við rauðan blett á höfði. Ekki hafi verið um að ræða sár í þeim skilningi heldur hafi húðin verið dökkrauð og ekki rofin. Bletturinn hafi verið torkennilegur og gæti mögulega verið æðaflækja. Kvað vitnið áverkann ekki líkt og eftir skóflu en ákærði hefði lýst því að honum hefði verið strítt með þeim hætti með skóflu á gröfu. Vitnið kvað ákærða hafa svarað því skýrt að öll þau einkenni eða áverkar sem hann hafi haft hafi komið til á verknaðardegi.

D geðlæknir gerði grein fyrir geðrannsókn sinni sem hann vann undir rannsókn málsins, helstu atriðum sem fram komu í samtölum við ákærða og bakgrunni hans. Ákærði væri frá [...] en hefði komið til Íslands [...] 2018. Hann kvað ákærða hafa sagst hafa fengið alvarlegt [...]. Þá hefði hann glímt við áfengis- og fíknivanda en kvaðst nú hafa hætt neyslu. Áfallastreitueinkenni hans hefðu rénað síðustu ár en hann hefði lítið leitað sér heilbrigðisaðstoðar. Vitnið kvað merki hjá ákærða um áfallastreituröskun og fíknisjúkdóm en engin merki um geðsjúkdóm.

Ákærða hefði orðið tíðrætt um atvik sem hann upplifði tveimur dögum fyrir árásina en þá kvaðst hann hafa upplifað ógn og taldi brotþola hafa haft eitthvað slæmt í huga. Hann hefði mætt til vinnu og krafist útskýringa en engar fengið. Því hefði hann upplifað óvirðingu eða eitthvert óskilgreint viðhorf gagnvart sér. Vitnið kvað mögulegt að einhver menningarmunur hefði hér eitthvað að segja en gæti þó ekki staðfest það. Reiði hans hefði verið ófgafull og hann orðið stjarnfræðilega reiður. Á þeirri stundu hefði hann ekki hugsað um afleiðingar verknaðarins eða hversu alvarlegur hann væri. Ákærði hefði þó skilning á að háttsemi hans hefði í för með sér refsingu. Taldi vitnið hann vera sakhæfan og engin veikindi sem hömluðu eða heilsutjón sem kæmi í veg fyrir að refsing bæri árangur.

F læknir gerði grein fyrir læknisvottorði sínu vegna brotþola B og staðfesti að hann hefði verið með skurð á höfði ofarlega vinstra megin.

III.

Niðurstaða

Ákærði hefur gengist við því að hafa þann 17. júní 2018 slegið brotþola A fyrirvaralaust þrisvar sinnum í höfuðið með klaufhamri og B í kjölfarið einu höggi

með sama verkfæri. Hann neitar að hafa slegið brotapolu A með haka og ber að hann hafi aðeins haldið á honum sér til varnar. Þá neitar hann því að fyrir honum hafi vakað að ráða báða brotapolu af dögum heldur hafi hann aðeins ætlað að skaða þá.

Ákærði var sakhæfur á verknaðarstundu og er það í samræmi við gögn máls og niðurstöðu geðrannsóknar.

Með vísan til játningar ákærða sem er í samræmi við framburð brotapolu B og gögn málsins er sannað að ákærði hafi slegið brotapolu einu sinni með hamri með þeim afleiðingum er greinir í ákæru. Með hliðsjón af áverkum á brotapolu og framburði hans telst sannað að höggið hafi lent á höfði hans, á þeim stað sem tilgreindur er í ákæru.

Fyrir liggur samkvæmt lækisfræðilegum gögnum að brotapolu A var með þrjú blæðandi djúpa skurði á höfði, um 4 cm langa. Einn var hægra megin aftarlega, annar vinstra megin aftarlega og sá þriðji hægra megin við gagnaugasvæði. Tölvusneiðmyndir sýndu brot á höfuðkúpu á þremur stöðum sem samsvaraði skurðum á höfðinu. Eitt brotið, vinstra megin í hvirfilbeini aftarlega, var innkýlt. Þá var brot í hnakkasaum á mörkum hvirfils- og hnakkabeins hægra megin og hafði þar flísast úr innanverðri höfuðkúpunni.

Ákærði bar um að hafa sótt hamarinn í nærliggjandi bifreið og slegið A og síðan B sem afvopnaði hann í kjölfarið. Það var ekki fyrr en hann kom fyrir hornið á húsinu sem hann var kominn með hakann í hendurnar, en hann mun hafa legið framan við húsið. Styður það fremur að ákærði hafi notað sama áhaldið til árásarinnar í þessari atrennu.

Framburður ákærða hefur verið stöðugur um að hann hafi beitt hamri gegn brotapolu A. Þá hefur brotapolu B, allt frá því að skýrsla var tekin af honum á slysideild, borið um að ákærði hafi lamið með haka í síðu brotapolu A en ekki höfuð, ólíkt því sem fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglumanns. Að þessu virtu og með hliðsjón af lækisfræðilegum gögnum og vitnisburði E lækis og J réttarmeinafræðings geta allir höfuðáverkar A samrýmst því að hann hafi fengið högg í höfuð með hamri.

Samkvæmt framangreindu þykir fram komin sönnun þess að ákærði hafi notað hamarinn er hann sló brotapolu A þrisvar sinnum í höfuðið.

Ákærði hefur eins og áður segir neitað því að hafa beitt hakanum. Kveðst hann hafa hlaupið í kringum húsið og gripið hakann. Kvaðst brotapolu hafa verið eltur af brotapolu B sem hafði náð af honum hamrinum og vitninu C sem var með skóflu sem hann beitti gegn honum. Framburður ákærða um þetta atriði er nokkuð óljós en skilja má hann svo að hann hafi talið sig knúinn til að verjast B og C.

Á upptökum sem eru á meðal gagna málsins sést skófla með löngu skafti liggja nálægt haka við hellustæðu framan við [...] vinstra megin. Vitnið C hefur borið að hann hafi gripið skóflu þegar hann sá ákærða með hakann. Hvorki hann né brotápoli B segjast hafa elt ákærða með skóflu á lofti en hann hafi hlaupið af stað eftir að hafa lamið B og töldu þeir hann farinn af vettvangi. Þeir hafi einbeitt sér að brotápoli A sem var illa særður. Vitnin G og H báru um að þau hafi séð menn við húsið og kvaðst G telja að B og annar hefðu farið á eftir ákærða til að stöðva hann. Hvorugt þeirra lýsti því þó að þessir aðilar hafi beitt skóflum í átökum við hann.

Í vottorði K lækni er haft eftir ákærða að hann hafi kennt til í höfði eftir að hafa verið laminn í höfuðið með skóflu á verknaðardegi. Lýsti hann sjálfur eymslum en ekki var að sjá áverka sem samræmdust þeirri lýsingu.

Ljóst er að ringulreið hefur ríkt á á vettvangi og liggur ekkert fyrir í málinu sem bendir til þess að ákærði hafi haft ástæðu til þess að grípa til varnar gegn brotápolum, sem hann hafði þegar slegið með hamri, og var annar þeirra raunar óvígur. Þá heldur ákærði því ekki fram að hann hafi beitt neyðarvörn umrætt sinn.

Fyrir liggur vitnisburður G og H um að ákærði hafi haft í höndunum verkfæri sem sannað er að hafi verið haki, mundað það og beint sjónum sínum að brotápoli A. Bæði lýstu því að ásýnd hans hafi verið slík að þau urðu dauðhrædd. Þá báru brotápoli B og vitnið C að ákærði hefði beitt hakanum gegn A og sá síðarnefndi kvaðst þá hafa reynt að nota skófluna til þess að koma í veg fyrir að ákærði beitti hakanum frekar. Að mati dómsins er framburður allra vitnanna trúverðugur. Framburður ákærða er í andstöðu við þetta og fær ekki stoð af gögnum málsins. Það eitt að hann hafi farið rakleiðis að A hrekur það að hann hafi verið að verjast og telur dómurinn með vísan til framangreinds sannað að ákærði hafi haft ásetning til að slá A með hakanum.

Brotápoli B hefur frá upphafi borið að ákærði hafi beitt hakanum þannig að hann lenti í síðu brotápoli A og átt í átökum við hann til að ná hakanum af ákærða. Á sama veg bar vitnið C fyrir dómi. Samkvæmt fyrirliggjandi lækni-vottorði E hlaut brotápoli tvö rifbeinsbrot hægra megin og eymsl hægra megin neðantil á brjóstakassa.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið telur dómurinn sannað að ákærði hafi beitt hakanum einu sinni gagnvart brotápoli A með því að slá hann í bók með þeim afleiðingum sem að ofan greinir. Ósannað er að áverkar á framhandlegg, hægri hendi og mar og bólga á hægri ökkla verði rakin til atviksins og er hvergi að sjá í gögnum að gerð sé frekari grein fyrir þeim svo að tengja megi þá atvikinu.

Við mat á því hvort að ákærði hafi haft ásetning til þess að deyða brotápoli A kemur aðdragandi og atлага hans til skoðunar.

Ágreiningslaust er að kveikjan að vanlíðan ákærða varð tveimur dögum fyrr þegar hann var ásamt A og C að vinna framan við húsið og lítil jarðvegsgrafa kom við sögu. Ósannað er hvað nákvæmlega gerðist og hvort að upplifun ákærða hafi verið oftúlkun á aðstæðum en samskipti á milli aðila á vinnustað fóru fram á misgóðri ensku. Eins og áður er fram komið var ákærði ekki með áverka sem styðja að hann hafi fengið höfuðhögg.

Fallast má á með ákæruvaldinu að ásetningur hans hafi vaknað umræddan dag og sótti hann eins og áður segir hamarinn eftir að hann fékk ekki þau viðbrögð sem hann ætlaðist til við athugasemdum hans um atvik sem varð tveimur dögum áður.

Ákærði kom brotþola að óvörum er hann sló hann þrisvar sinnum með hamrinum. Höggin lentu beggja vegna höfuðs og brotnaði höfuðkúpan við hvert þeirra. Sannað er með gögnum máls og framburði E læknis og J réttarmeinafræðings að hvert högg um sig var öflugt og er því hafnað að létt sveifla hefði dugað til að valda þeim skaða sem raun bar vitni. Hafði ákærði beinan ásetning til þess að beita hamrinum með þessum hætti. Hið sama má segja um það er hann beitti hakanum eins og áður greinir.

Í málinu liggur fyrir upptaka í hljóði og mynd (eyewitness) af vettvangi, tekin skömmu eftir handtöku. Ákærði situr í handjárnnum og honum hafa verið kynnt réttarfarsákvæði. Honum er nokkuð mikið niðri fyrir, ræðir atvikið [...] og segir svo: „This guy want to kill me, I want to kill him.“ Eftir það hefur framburður ákærða verið stöðugur um að hann hafi ekki haft ásetning til að drepa brotþola heldur skaða þá.

Hættueiginleikar verknaðaraðferðar ákærða eru augljósir. Skeytti hann engu um afleiðingar gjörða sinna heldur lét sér þær í léttu rúmi liggja og linnti ekki látum fyrr en hann var yfirbugaður. Hending ein réð því hvar í höfði höggin lentu umrætt sinn og ljóst að mannsbani hefði getað hlotist af. Gildir því einu þótt áverkar brotþola hafi ekki verið lífshættulegir.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst sekur um tilraun til manndráps gagnvart brotþola A og er brotið rétt heimfært til refsíákvæðis.

Ákærði beitti hamrinum einnig gegn B og er gefin að sök tilraun til manndráps. Þegar litið er til atlögunnar og þeirra áverka er brotþoli hlaut liggur fyrir að kraftur höggins var ekki eins mikill og þegar hann réðst á A. Vafi um það hvort ákærði hafi á verknaðarstundu haft ásetning um að bana B verður túlkaður ákærða í hag, sbr. 108 og 109. gr. laga nr. 88/2008, og verður hann sýknaður af aðalkröfu ákæruvaldsins. Með háttsemi sinni hefur ákærði gerst sekur um sérlega hættulega líkamsárás gagnvart brotþola og verður því fallist á varakröfu ákæruvaldsins og brotið heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Refsiákvörðun

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og sérlega hættulega líkamsárás. Hann hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot svo vitað sé. Hann játaði brot sitt að stærstum hluta. Ákærði hefur viðurkennt bótaskyldu gagnvart brotapolum og kveðst iðrast verknaðarins. Horfa þessi atriði til mildunar, sbr. 5. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Til þyngingar horfir að atлага ákærða var fólkskuleg og ofsafengin og kom brotapolum í opna skjöldu. Verður litið til 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn telur skilyrði til að líta til 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga en samkvæmt ákvæðinu má dæma fyrir tilraun til brots lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot. Þó ljóst sé að ákærði hafi verið í andlegu ójafnvægi umrætt sinn eru hvorki skilyrði til þess að líta til 4. tl. 1. mgr. 74. gr. né 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum enda lítur dómurinn svo á að þær ástæður sem hann hefur tilgreint réttlæti á engan hátt verknaðinn.

Samkvæmt framansögðu og jafnframt með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga verður ákærði dæmdur í fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldvist sem hann hefur sætt óslitið frá [...].

Einkaréttarkröfur

Ákærði viðurkennir bótaskyldu vegna einkaréttarkrafna brotapola í málinu en krefst lækkunar þeirra.

Brotapoli A krefst 5.000.000 króna í miskabætur auk útlagðs kostnaðar. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Afleiðingar árásarinnar urðu talsverðar fyrir brotapola, bæði líkamlegar og andlegar, líkt og fram kemur í gögnum sem lögð voru fram. Þykja bæturnar hæfilega ákvarðaðar 2.000.000 króna. Reikningar liggja að baki kröfu um útlagðan kostnað. Kröfunni var ekki mótmælt og verður hún tekin til greina að fjárhæð 149.361 króna. Krafan ber vexti svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 15. október 2022 er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu.

Brotapoli B krefst 3.000.000 króna í miskabætur. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bætur til brotapola þykja hæfilega ákvarðaðar 400.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 19. október 2022 er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu

sem var við þingfestingu máls. Þá ber ákærða að greiða brotaþola málskostnað við að halda einkaréttarkröfu sinni fram og er hann hæfilega ákvarðaður 300.000 krónur.

Sakarkostnaður

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins. Ákærði greiði 1.395.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ómars Hafsteinssonar lögmanns, 878.850 króna þóknun Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða á fyrri stigum málsins, og 480.000 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, A, Kára Valtýssonar lögmanns, og 758.888 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson saksóknari.
Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Nazari Hafizullah, sæti fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldvist sem hann hefur sætt óslitið frá 17. júní 2022.

Ákærði greiði A 2.149.361 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 17. júní 2022 til 15. október 2022 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði B 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 17. júní 2022 til 19. október 2022 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 1.395.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ómars Hafsteinssonar lögmanns, 878.850 króna þóknun Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða á fyrri stigum málsins, og 480.000 króna þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, A, Kára Valtýssonar lögmanns. Þá greiði ákærði 758.888 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted

